

15 Júlí 2008 Garðabæ. 9 Júní2008

Klukkan er 18 og veðrið einkar fallett Erla á afmæli í dag 69 ára þessi elska. Það hefur margt á dagana drifið hjá okkur allt mjög gott og farsælt, nú það er best að láta verða af því að skrifa eithvað niður um æfina sem liðin er.

Þetta hófst 1937 þá fæddist rauðhærður lausaleiks krói Þuríði Stefánsdóttur og Stefáni Jónssyni Þura var ein 10 systkina úr vesturbænum sem áttu ættir að rekja í Borgarfjörð í báðar ættir. Stefán var annar tveggja bræðra sem áttu ættir að rekja í Grímsnes í föðurætt og Landeyjar í Móðurætt.

Þuríður sat uppi ein með snáðan hjá móður sinni Ingibjörgu Jónsdóttur og bróður sínum Ragnari Stefánssyni sem var yngstur bræðra hennar, hinir voru Ingibergur, Jón, Karl og Elías kenndir við Blikksmiðjuna Grettir, fleiri voru Óskar lengst af Bóndi að stað í Borgarfirði og Pjetur með joði prentari í Steindórsprent lengst af.

Litlum sögum fer af lífshlaupi þess rauðhærða til að byrja með annað en hann var skýrður í höfuðið á föðurnum Stefáni Haraldi Jónssyni og var snáðinn nefndur Haraldur. Þura dvaldist mest einsog fyrr sagði hjá ömmu og Ragga frænda sem gekk snáðanum nánast í föðurstað í fyrstu. 1939 giftist Mamma ágætis manni sem Sigurður hét Sveinsson, hann átti systkini fleiri en eitt, Edda hét stúlka og Valdimar (Bói Kallaður) fleiri systkini átti hann að hálfu einn þeirra var maður að nafni Ingi sem var umtalaður hagleiksmaður það kom fram á í hæfileika miklum sonum hans, meðal annars við arin hleðslur víða á Íslandi. Reyndar var Sigurður fóstri minn undursamlega flínkur handverks og listamaður sem margt gerði lofsvert sem ber honum mikinn hróður svo sem málverk og smíðisgripir.

Systur mömmu voru Stefanía og Þórunn, Stefanía eignaðist hinn ágætasta mann Axel Gunnarsson sem hún átti með fjögur börn, tvo drengi og tvær stúlkur, Þórunn átti ekki börn en var kvænt manni að nafni Pétur Olesen. Báðar þessar systur reyndust snáðanum og allt þeirra folk einkar vel í lífinu svo alltaf verður þeirra minnst með miklum hýhug.

Fljótlega eftir að Mamma giftist fóstura mínum sem ég kallaði alltaf pabba þá bættist við lítil systir sem skýrð var Elín efir Elínu móður Pabba. Elín þessi var gift manni að nafni Guðmundur stundum kallaður Gvendur enski því hann var alinn upp í Englandi og talaði ensku einsog móðurmálið. Gvendur var faðir hálfsvitkina pabba Eddu og Valdimars. Um þetta leyti þá fluttu Mamma og Sigurður með mig að Skólavörðustíg 46 þar sem Ella systir fæddist. Þetta var lítil tveggja herbergja íbúð í kjallara beint á móti Leifstyttni, þau leigðu þessa íbúð af manni sem var ketilvörður hjá Ölgerðinni Egill Skallagrímsson hét þessi maður Sigurður, var stundum kallaður Siggí svína vegan þess að hann hafði haft eitthvað að gera með svín. Mér líkaði ekki við þennan svína því hann var viðskotailur og barð frá sér meðal annars barði hann söguritaru. Pabbi vann líka hjá Ölgerðinni hafði byrjað hjá Tómasi stofnanda Ölgerðarinnar sem drengur og vann þar fram á háann aldur við góðan orðstýr sem Ölgerðin býr að enn í dag þar sem Egils Appelsínið sem viðurkennt er sem eðaldrykkur og var hannað og fundið út af Sigga Sveins Fóstura/Pabba mínum.

Á Skólavörðustígsárunum var heimsstyrjöldin síðari í algleymingi. Í landinu voru bæði Breskir og Bandarískir hermenn í tugþúsundavís og á Skólavörðuholtinu var stór herskálabyrping nánast við eldhúsgluggann hjá okkur. Það er eftirminnilegt hvað fólk sótti í herskálakampinn í leit að munaði, auðvitað vorum við krakkarnir iðin við að sníkja af Kananum. Við tókum að okkur sendiboðastörf fyrir kanana til stelpana og fengum fyrir þetta ávexti. Mamma hafði mikla ánægju af að fægja epli og skreyta með í skál. Á horninu á Skólavörðustíg áfast húsinu sem við bjuggum í var greiðasala eða Sjoppa eins og þá var sagt. Sjoppa þessi hét Portland og Mamma vann þar. Hermenn söfnuðust þarna saman og var róstursamt þarna fyrir framan milli hermanna og Íslendinga og eins víst að konur hafi átt þar hlut að máli. Á morgnana og kvöldin var gaman Heima því þá voru beljurnar reknar Frakkastíg og Njarðargötu niður í vatnsmyri á morgnana og svo til baka á kvöldin. Við krakkarnir hópuðumst saman þegar beljurnar kom og hrópuðum, !Beljurnar , Beljurnar. Á þessum tíma var fjós á Grettisgötu rétt við blikksmiðjuina Gretti, enn í dag sér maður gömlu hlöðuna þar sem búið var. Einu sinni elti ég beljurnar niður í Vatnsmyri og fann þá hest sem ég hnýtti uppí og teimdi hann heim. Við bjuggum í kjallaranum og þegar ég kom með hestinn að eldhúsglugganum hjá mömmu og sagði sjáðu mamma ég fann hest, hún varð hissa en var skemmt, hún sagði Halli minn maður finnur ekki hest einhver á hann og þú verður að skila honum þar sem þú fannst hann svo að sá sem á hann fari ekki að gráta. Ég varð því að skila klárnum aftur niður í vatnsmyri og gerði ég það við einteiming sem var bara snærisspotti sem ég hafði fengið hjá mömmu. Hún átti altaf spotta því hún hnýtti alltaf troll fyrir netagerð vestur í bæ heim hjá okkur til að laga fjárhaginn.

1947 fluttum við í Lítið fallett hús á Bergstaðastræti 50 sem kallað var Litla Gula hænana. Mér er eftirminnilegt að þegar við fluttum þá vildi nú ekki betur til en að ég hafði aldrei komið á Bestó og Mamma og Pabbi voru flutt þegar ég kom heim úr skólanum. Ég spurði til vegar og fann húsið fyrir rest eftir að hafa hjólað niður eftir. Á þessum arum kynntist ég nýjum félögum strákum sem ég hélt mikið uppá þeir voru Finnbjörn Hjartar kallaður Bubbi, Tómas Hjaltason kallaður Tommí, Einar Hannesson, Ásgeir Ásgeirsson kallaður Addi, Magnús Skarphéðinsson og margir fleiri góðir drengir. Margir strákarnir eru látnir þegar þetta er skrifað 2008, Einar drukknaði ungur í Þjórsá, Tommí var Löreglumaður og fírst ungur í bifhólsslysi, Bubbi hneig niður á Lunch United knattspyrnuæfingu, en þetta er eins og gengur einn er með lengur en hinir. Við brölluðum margt saman strákarnir. Eitt var vinsælt það var að fara á kvöldin í portið hjá sælgætisgerðinni Freyju og gramsa í tunnunum, þar fundum við allskonar gotterí. Enu sinni komumst við inni verkssmiðjuna og náðum okkur í stóra kassa af konfektum en þá kom kallinn sem vakti og til þess að sleppa þá hvolfdu við fleiri kílóum af konfektum yfir Kallinn. Við átum konfekt eins og við gátum en urðum brátt leiðir á því, þá fórum við uppá Hverfisgötu og fíldum okkur í húsagarði, hentum síðan konfektum úi bíla umferðina, konfektum klesstist á bílana, við vorum heppnir að sleppa frá þessu án þess að meiða nokkurn. Bubbu ég og Tommí smíðuðum okkur dúfna kofa með hjálp Pabba og eignuðumst margar fallegar dúfur sem voru sérreктаðar til dæmis, gulir tunglingar. Hojarar, Meffikar, Nunnur Ísdúfur og Karlottur. Á þessum arum 1947-1955 var töluvert af fullorðnum mönu sem

ræktuðu skrautdúfur. Fyrstan er telja Valdimar Nielsen eða Didda sem var sonur Niensens bakara á Bergstaðastræti, Nielsen Bakari var með allskonar fugla þar á meðal hænsni, hann vildi ekki að við værum að sniglast hjá honum og trufla. Annar guli tunglingurinn okkar hvarf einn daginn kom ekki í kofann, við héldum að kötturinn hefði tekið hann, mér datt í hug að fuglinn hefði dottið niður í strompinn Heima og viti menn þegar ég opnaði hreinsi lúguna á strompinum þá sat Tunlingurinn þar orðinn kolsvartur, þetta vakti mikla gleði að finna fuglinn og fór ég með hann til Didda Nielsen og hann þvoði fuglinn með grænsápu og varð fuglinum ekki meint af þessu. Verst var að við vorum búnir að hrella alla ketti í hverfinu með baunabyssum að ósekju. Annar dúfna maður var Siggí í Valencia kaupmaður á horninu á Vatnsstíg og Njálsgötu, átti mikið af Karlottum í öllum litu mest þó rauðar. Svo var einn sem kallaður var Jommi var með dúfur í kjallaranum Heima hjá sér, okkur þótti mikið til Jomma koma, hann kunní á okkur strákana, seldi okkur og skifti við okkur á dúfum. Innarlega á Grettisgötu fyrir ofan kjötbúðina Borg var kjallari fullur af dúfum þær átti gömul kerling sem ekkert vildi hafa með okkur að gera. Við héldum að kerlingin æti dúfurnar, það var sérstakt við þessa Grettigötukerlingu að hún ók um Dodge Wells Fargo litlum vörubíl sem var sjaldséð á þessum tíma. Þeir voru margir fleiri dúfnakarlararnir í bænum, einn hét Helgi, var ráðuneytibilstjóri, hann hafði til umráða stóran bílskúr hjá Pólunum sem voru kallaðir, timburíbúðablokkir sem voru þar sem nú er íþróttasvæði Vals eða þar um bil. Helgi hélt töluverðan dúfnahóp í þessum skúr. Það kom nú að því að maður uppgvötvaði ýmislegt annað skemmtilegt en dúfur og bar þar hæst veiðiskapur sem reyndar ég var alinn upp við pabbi var mikill áhugamaður um stangveiði og Mamma líka. Ég fór í marga veiðitúra með þeim um landið og í útilegur, Pabbi átti nánast altaf bíl sem var ekki reglan með lægri stéttum en Mamma og hann voru dugleg hann framleiddi jólabjöllur og seldi hún hnýtti net og bjó til skrautblóm sem seldust vel, saman gerðu þau margt gott. Skólaárin liðu með góðum félögum gömlum og nýjum, sumir eru minnistæðari en aðrir, einn hét Per Lanski Ottó hann afhfði lag á að hvekkja kennarana til að losna úr tímum með því að hnerra í sífellu þar tðil hann var settur út. Það sem hann gerði var að hann var með eldspýtu og kitlaði sig í nefið til að hnerra og komst upp með þetta. Kennarar voru sérstakir eins og gengur en allir mjög lagnir við kennsluna. Einn var Guðrún Helgadóttir síðar skólastjóri Kvennaskólans, hún kenndi okkur íslensku og við lærðum vel hjá henni. Annar kennari eftirminnilegur var Guðni Þ. Guðmundsson seinna rector Menntaskólans í Reykjavík. Guðni kenndi okkur ensku. Þessir kennarar tveir kenndu fög sem mér líkaði vel því fljótlega kom í ljós að ég hafði mikla náttúruleg hæfileika til að læra tungumál. Guðna þótti það sérstakt að í fyrsta tíma í ensku lét hann mig snúa heilum stíl af íslensku yfir á ensku og kom það Guðna á óvart að ég gerði það án nokkurrar villu. Þessi tungumála tilfinning og kunnátta átti eftir að verða mér til framdráttar að miklu leiti í lífinu. Úr barnaskóla lá leiðin í Gagnfræðaskóla austurbæjar þar sem Ingimar skólastjóri réð ríkjum og skólinn oft nefndur Ingimarsskóli. Þetta var sérstakur maður sem ég kynntist seinna í lífinu við laxveiðar með Lárusi syni hans ákafir veiðimenn sem ekki tóku allt hátíðlega. Seinna árið í Ingimarsskóla hitti ég ævifélagan minn Erlu Ingimarsdóttur við löðuðumst strax hvort að öðru og trúlofuðum okkur árið eftir. Það gekk nú á ýmsu hjá okkur Erlu og foreldrar

hennar voru nú ekki alveg sáttir við ráðahaginn en okkur tókst nú að láta þetta ganga og við giftum okkur 1957 við eignuðumst fjögur born heilbrigð og vandaðar persónur. Ragnar og Haraldur, Sólveig og Inbibjörg María. Átta barnabörn eru komin en engin barnabörn ennþá. Eftir útskrift fór ég að vinna við útkeyrslu á öli fyrir Ölgerðina Egill Skallagrímsson en þá skall á verkfall um vorið 1955 ég var þá byrjaður að læra flug hjá fluskólanum Þyt, en við verkfallið hurfu allar tekjur og ég varð að hætta að læra. Hér urðu stót tímamót í mínu lífi. Þannig var að Heima á Bestó bjuggu nokkrir Bandarískir borgarar giftir íslenskum konum. Ég kom að máli við einn þeirra og bað hann um að taka mig með sér suðureftir svo ég gæti reynt að komast í vinnu á vellinum þar sem hann vann. Þetta var alveg sjálfsagt og næsta morgun fór ég suðureftir. Það var framandi að koma þarna ný menning og allt annað andrúmsloft en í Reykjavík. Ekki var vinnu að fá hjá kanaanum svona beint og sagði ráðningastjórinn mér að ég þyrfti helst að komast að hjá verktökum first til að fá vegabréf inná völlinn og þá yrði auðveldara að fá vinnu og erfiðara að neita mér. Ráðningastjórinn var Siglfirðingur þess vegna fengu þeir sem voru frá þeim landshluta frekar vinnu hjá honum. Ég fór til Sameinaðra íslenskra verktaka í mötuneitið og hitti þar fyrir Britann Tryggva Þorfinnson hann tók mér mjög vel sagði mér að byrja að sópa salinn í mötuneytinu ég veæri ráðinn og fengi koju til að sofa í í starfsmanna húsunum. Þetta fyrsta starf fólst í að skoða aðgöngu passa starfsmanna þegar þeir komu í mat og tryggja að engin færi frítt í mat sem ekki mátti. Eftir um það bil tvær vikur í þessu embætti í hádeginu einn daginn heyrði ég tvo menn tala um það að vantaði sjúkrabílstjóra á sjúkrahúsi Flughersins. Ég ákvað að fara og herma þetta uppá Siglfirðinginn sem ég gerði með þessum orðum. Það vantar mann á sjúkrabíl hjá flughernum ég er með vegabréf, kann ensku, vanur bílstjóri og flutningum. Karlinn horfði á mig undrandi smá stund hripaði á blað og sagði mér að fara uppá sjúkrahús í viðtal. Þegar á sjúkrahúsið kom var mér vel tekið og á móti mér tók liðsforingi sem spurði mig um lífið og tilveruna og hvað ég teldi góða siði. Þetta fór allt saman fram á ensku og var liðsforinginn alveg hissa að heyra í mér eins og innfæddur þótt ég hefði aldrei komið út fyrir landsteinana. Það skifti engum togum ég ver ráðinn í starfið og sagt að mæta aðeins 18 ára gamall á morgun til að starfa sem sjúkraflutningsmaður hjá Bandariskaflughernum. Þetta var sérstakt eini Íslendingurinn á sjúkrahúsinu, aðeins einn Íslendingur hafði verið í þessu starfi í stuttan tíma á undan mér. Nú hófst þroskatímabil sem ungt fólk á Íslandi átti ekki kost á. Þarna kynntist ég heraga og starfsreglum sem skilyrðislaust varð að fara eftir.